



Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og umfjöllun um innleiðingu hér á landi



Skóli margbreytileikans og stoðkerfi skóla
Grand Hótel, 5. mars 2013

Guðni Olgeirsson, sérfræðingur, mennta- og menningarmálaráðuneyti



Jöfn tækifæri til náms

- Í grunnskóla eiga allir nemendur rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, hvar nemandi býr, hveggjar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.
 - Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011, bls. 41.



Nokkrar mikilvægar stoðir stefnu

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ([Barnasáttmálinn](#)) (Sameinuðu þjóðirnar 1990)
- *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. 1994. UNESCO
- *Lúxemborgarstofnskráin. Skóli fyrir alla*. 1996. Framkvæmdastjórn ESB, DGXX11
- *Menntun fyrir alla: yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000*
- Samningurinn um réttindi fólks með fötlun (Sameinuðu þjóðirnar 2006)
- „Lissabonyfirlýsingin – álit ungmenna varðandi nám án aðgreiningar“ (Evrópumiðstöðin 2007)



Lissabonyfirlýsingin 2007:

Ungmennin gerðu samþykkt um réttindi sín

- Við eigum rétt á því að okkur sé sýnd virðing og okkur sé ekki mismunað.
- Við viljum ekki samúð; við viljum að okkur sé sýnd sú virðing sem okkur ber sem þjóðfélagsþegnum sem þurfa að lifa og starfa við eðlilegar aðstæður.
- Við eigum rétt á sömu tækifærum í lífinu og allir aðrir, með þeim stuðningi sem við höfum þörf fyrir.
- Við eigum rétt á að taka sjálf ákvarðanir.
- Við eigum rétt á að lifa sjálfstæðu lífi.
- Allir þjóðfélagsþegnar þurfa að vita af, skilja og virða réttindi okkar.



Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila

- **Löggjöf á sviði menntamála** ætti hvarvetna að hafa nám án aðgreiningar að markmiði. Löggjöfin ætti að hafa aðgerðir í för með sér sem hraða því þróunarferli að nám án aðgreiningar verði að veruleika
- **Fyrst og fremst ætti sami lagaramminn að ná til alls skyldunáms í skóla**
 - *European Agency for Development in Special Needs Education (Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu)*
 - www.european-agency.org



Nokkur mikilvæg ártöl

- 1974. Fyrstu lögin um grunnskóla. **Skóli fyrir alla óháð námsgetu**
- 1974. 1996. Rekstur 8 fræðsluskrifstofa á vegum ríkisins
- 1977. Fyrsta reglugerðin um sérkennslu fyrir grunnskóla
- 1990. Endurskoðuð reglugerð um sérkennslu, **sem flestir nemendur í heimaskóla**
- 1994. Leikskólinn skilgreindur sem **fyrsta skólastigið**
- 1995. Salamancaáætlunin gefin út á íslensku
- 1995. Lög um grunnskóla, **skýrari ákvæði um skóla fyrir alla**
- 1996. Flutningur grunnskóla til sveitarfélaga, **sérfræðipjónusta á vegum sveitarfélaga**, fræðsluskrifstofur lagðar niður
- 1996. Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu stofnuð
- 1998. Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum
- 1999. Aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. **Skóli án aðgreiningar**
- 2006. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
- 2008. Ný heildarendurskoðun menntalaga og nýjar reglugerðir fyrir öll skólastig
- 2011. **Nýjar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla**



Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

- Ríkið
 - Setur almennan lagaramma um skóla
 - Setur reglugerðir við tiltekin atriði , m.a. nemendur með sérþarfir, sérfræðipjónustu, fósturbörn
 - Setur leik-, grunn- og framhaldsskólum aðalnámskrá
 - Hefur úrskurðarvald í tilteknum ágreiningsmálum
 - Hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lögin, reglugerðir, reglur og aðalnámskrár kveða á um
 - Annast mat og eftirlit með skólahaldi



Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

- Sveitarfélög
 - Annast rekstur almennra grunnskóla
 - Bera ábyrgð á heildarskipulagi skólahalds í leik- og grunnskólum sveitarfélags
 - Bera ábyrgð á þróun einstakra skóla
 - Þróun sérúrræða og rekstur sérskóla
 - Setja starfsreglur um sérúrræði innan grunnskóla og sérskóla og setja innritunar- og útskriftarreglur
 - Framkvæmd sérfræðipjónustu
 - Setja almenna skólastefnu í sveitarfélaginu
 - Annast mat og eftirlit með skólahaldi



Skóli/nám án aðgreiningar- skilgreining

- Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi
 - (*Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla*)
- Með *námi án aðgreiningar* er átt við námsumhverfi þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.
 - (*Reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum*)



Leikskóli

- Í leikskólalögum og aðalnámskrá segir að virða skuli rétt allra sem á leikskólanum dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu og að leitast eigi við að koma til móts við þarfir allra barna.
- Leikskólar starfa í anda skóla og menntunar án aðgreiningar- engir sérskólar eru á leikskólastigi



Skóli án aðgreiningar-réttur nemenda

- Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennum skóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis
- Sjónarmiðum nemenda gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð
- Skólinn með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða



Nám í skóla án aðgreiningar- aðalnámskrá grunnskóla

- Allir nemendur fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms á forsendum hvers einstaklings.
- Virðing fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi og stöðu.
- Alhliða hlutdeild, aðgengi og þátttaka allra nemenda í skólastarfinu.
- Virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda
- Öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum útrýmt.



Reglugerð um mendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010

- Reglugerðin tekur til nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir
 - *Hér á landi eru minna en 0,5% nemenda í sérskólum og 0,5% í sérúrræðum innan grunnskóla*





Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla- uppbygging

- A. Almenn markmið um skóla án aðgreiningar og skyldur sveitarfélaga
- B. Mat á þörf fyrir sérstakan stuðning
- C. Skipan náms og kennslu, móttökuáætlun, stuðningur og námsumhverfi
- D. Sérúrræði innan grunnskóla og sérskólar
- E. Fjárhagsmálefni- fjárhagsáætlanir sveitarfélaga
- F. Málsmeðferð vegna sérúrræða innan skóla og sérskóla
- G. Sjúkrakennsla



Til glöggvunar

- Alþingi setur grunnskólalög 2008 með reglugerðarheimild við 17. gr. um nemendur með sérþarfir. Kæruheimild vegna synjunar nemenda um skólavist.
- Ráðuneytið setur árið 2010 reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum. Utfærir kæruheimild um synjun.
- Sveitarfélögum heimilt að stofna sérúrræði innan grunnskóla og sérskóla, setja starfsreglur um viðkomandi úrræði, svo og innritunar- og útskriftarreglur. **Engin aðkoma ráðuneytis.**
 - **Nokkur gagnrýni á framkvæmdina, einkum um reglur Klettaskóla**



Reglugerð um sérfræðipjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010

- Reglugerðin tekur til sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og til nemendaverndarráða í grunnskólum.





Sérfræðipjónusta sveitarfélaga

- Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla.
- Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við **nemendur og fjölskyldur** þeirra og hins vegar stuðningur við **starfsemi skóla og starfsfólk** þeirra.



Markmið sérfræðipjónustu

- Markmið með sérfræðipjónustu sveitarfélaga er að *kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg* þekking nýtist sem best í skólastarfi.
 - *Sérfræðipjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.*



Framkvæmd sérfræðipjónustu

- Forvarnarstarf
- Snemmtækt mat
- Heildarsýn
- Fjölbreyttur stuðningur – starfsemi, starfshættir, starfsfólk
- Fjölbreyttur stuðningur – foreldrar, ráðgjöf, fræðsla
- Túlkaþjónusta
- Góð tengsl



Skipulag sérfræðipjónustu sveitarfélaga

- Sjálfstæð eining á vegum sveitarfélags, getur verið staðsett að hluta innan skóla
- Sveitarfélög sameinast um að reka sérfræðipjónustu
- Þjónustusamningar við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni.



Stuðningur við starfsfólk

Í stuðningi við starfsfólk skóla felst m.a.

- ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda
- ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir.

Stuðningur við starfsfólk felst einnig í

- ráðgjöf vegna starfshátta skóla
- nýbreytni- og þróunarstarfa og
- starfsumhverfis



Helstu nýmæli- nemendur með sérþarfir

- Skilgreining og útfærsla á skóla án aðgreiningar
- Ekki rætt um sérkennslu, sérstakur stuðningur
- Víðari skilgreining á sérþörfum en áður
- Ýmis réttindaákvæði
- Ákvæði um móttökuáætlun
- Ákvæði um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun
- Innritun og útskrift úr sérskóla eða sérúrræði
- Málsmeðferð við skólavistun-synjunarákvæði
- Kæruheimild til mennta-og menningarmálaráðuneytis
- Engar kvótaviðmiðanir
- Meiri áhersla á stefnumótun innan skóla eða sveitarfélags, minni miðstýring á útfærslu
- Skýrari ákvæði um sjúkrakennslu




Helstu nýmæli- sérfræðipjónusta

- Sameiginleg reglugerð fyrir sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla
- Nemendaverndarráð við grunnskóla lögbundin
- Réttindi nemenda skilgreind- heildarhagsmunir barnsins óháð því hver greiðir
- Samhæfing sérfræðipjónustu- sveitarfélög, skólastjórar
- Ákvæði um sérstaka aðstoð og þjálfun í skóla án aðgreiningar, veitt innan leik- og grunnskóla
- Áhersla á stuðning við starfsfólk skóla
- Eftirfylgni og mat
- Kæruheimildir til mennta- og menningarmálaráðuneytis
- Ekki kvótaviðmiðanir



Til umhugsunar

- Er þörf á því að endurskoða stefnuna eða einstaka þætti hennar? Er hún alltaf framkvæmanleg?
- Ætti að setja reglugerð um skóla/menntun án aðgreiningar í stað reglugerðar um nemendur með sérþarfir?
- Er skynsamlegt að stefna að samfelldri og samhæfðari sérfræðipjónustu og ráðgjöf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla um land allt, bæði stuðning við skólastarfið almennt, skólaþróun, stuðning við kennara og vegna þjónustu við nemendur?
- Er rétt að ríkið komi að setningu starfsreglna og innritunarreglna vegna sérúrræða?
- Greiningarvinna á stöðu? Rannsóknir? Kennaramenntun?
- Hvernig getum við nýtt okkur reynslu annarra þjóða?



- HÖFUÐBORGARSVÆÐI
- VESTURSVÆÐI
- VESTFJARÐASVÆÐI
- NÖRÐVESTURSVÆÐI
- NÖRÐAUSTURSVÆÐI
- AUSTURSVÆÐI
- SÜÐURSVÆÐI
- SÜÐURNES
- SÜÐVESTURSVÆÐI
- MIÐHÁLENDISHLUTI SVEITARFÉLAGA

ÍSLAND
SVÆÐI SÓKNARÁÆTLUNA



11.3.2013